

Leiðbeiningar um klippingu berjarunna

Berjarunnar njóta vinsælda í görðum landsmanna og eru ræktaðir í von um ríkulega berjauppskeru á haustin. Til að tryggja hámarks uppskeru þarf að hirða vel um runnann, m.a. með áburðargjöf og klippingu.

Eftirfarandi leiðbeiningar eiga við um algengar runnategundir, s.s. rifs, sólber og stíkilsber. Einnig er fjallað um nauðsynleg verkfæri og öryggi þitt og annarra.

Tilgangurinn

Tilgangur klippingarinnar er fyrst og fremst að tryggja nægilegt rými fyrir nývöxt, birtu og yl með endurnýjun eldri greina. Greinar sem eru dauðar, sjúkar eða skemmdar valda runnanum vanþrifum, draga úr blómgun og berjamyndun og þarf að fjarlægja.

Hvenær er rétti tíminn?

Besti tíminn til klippinga á berjarunnum er tímabilið síðla vetrar og fram á vor. Þá er greinabygging runnans best sýnileg. Einnig eru líkur á að sveppasjúkdómar berist í sár eftir klippingu mun minni en t.d. á haustin.

Rifsberjarunnum getur blætt síðla vors, þegar lauf er að springa út. Forðast skal stórtæka klippingu á því tímabili þar sem það getur dregið úr blómmyndun.

Klippingin

Allar runnaklippingar valda sárum en rétt klipping dregur úr líkum á skaða af völdum sársins. Því er mikilvægt að rétt sé staðið að klippingunni svo að skaði hljótist ekki af. Nota skal beittar og hreinar greinaklippur og sagir svo að sáraflötur sé hreinn og sléttur.

Óhirtir berjarunnar verða með tímanum mjög þéttir svo að birta og hiti frá sólu ná illa til greina. Við það dregur verulega úr nývexti og líkur á sjúkdómum og vanþrifum aukast.

Flestir berjarunnar mynda blóm og aldin á greinum sem eru 2 ára eða eldri. Almennt er talað um að greinar sem eru 6-8 ára beri flest og stærst ber.

Best er að byrja klippinguna á að fjarlægja allar dauðar, skemmdar og sjúkar greinar. Einnig er gott að losa um og fjarlægja flæktar greinar t.d. þær sem liggja þétt saman svo að börkur hefur skemmst (krosslægjur).

Slútandi greinar sem hanga niður eða liggja með jörðu skal fjarlægja og reyna þannig að lyfta vexti runnans.

Fækka skal eldri greinum til að rýma fyrir nývexti og klippa þær niður við jörðu. Þekkja má eldri greinar á dökkum og flögnuðum berki. Yngri greinar hafa sléttan og ljósbrúnan börk. Gott er að nota grófar greinaklippur eða greinasög til að fjarlægja eldri greinar.

Ekki skal klippa framan af greinum á sama hátt og gert er við limgerði, þar sem árssprotar berjarunna mynda almennt ekki blóm eða ber. Ef stytta þarf grein skal klippa ofan við lifandi brum sem hefur upprétta vaxtarstefnu.

Samkvæmt ofangreindri lýsingu er æskilegt að framkvæma klippinguna í þessari röð:

- Meta þörf og umfang klippingar.
- Tryggja að öll nauðsynleg verkfæri séu til staðar.
- Fjarlægja fyrst allar dauðar, sjúkar og skemmdar greinar.
- Fjarlægja óeðlilegan greinavöxt, s.s. stofn- og krosslægjur og rótarskot.
- Fjarlægja hangandi og jarðlægar greinar.
- Fækka eldri greinum og tryggja þannig rými fyrir nývöxt.

Verkfærin

Greinasög er mjög bitgóð handsög sem sagar aðeins þegar dregið er að sér. Hún er létt og meðfærileg og þykir mun betri en hefðbundnar sagir, þegar um minni greinar er að ræða.

Greinaklippur / minni handklippur eru nauðsynlegar öllum sem fást við klippingar. Þær eru til í ýmsum stærðum og gerðum. Algengastar eru greinaklippur með hreyfanlegum undirkjafi og gormi sem halda klippunum opnum. Greinaklippur eru mikilvægar til að klippa smærri greinar og greinarendar.

Grófar greinaklippur eru fánlegar í ýmsum stærðum og gerðum. Þær eru mikilvægar í hirðingu trjáa og henta vel til klippingar á rótarskotum og grófari greinum.

Öryggisleiðbeiningar:

- Allar klippur og sagir eru hættulegar og ber að meðhöndla með varúð.
- Gott er að nota sterka vinnuhanska við klippingar.
- Mikilvægt er að geyma allar klippur og sagir þar sem börn ná ekki til.